

MSS22110148

**Frá:** Hugrún Geirsdóttir

**Sent:** 14.9.2023 15:45:05

**Efni:** Ársfundur náttúruverndarnefnda 12. október - Hver eru áhrif aukinnar umferðar skemmtiferðaskipa?

Komið þið sæl.

Sambandið vill vekja athygli ykkar á ársfundi náttúruverndarnefnda sem verður haldinn á **Ísafirði þann 12. október næstkomandi frá kl. 10-16:00.**

Yfirskrift fundarins er **Hver eru áhrif aukinnar umferðar skemmtiferðaskipa?**

Sveitarfélög eru hvött til að taka daginn frá og senda fulltrúa sinna nefnda á fundinn.

Staðsetning fundarins hefur í gegnum tíðina verið breytileg og skipst á milli landshluta. Að þessu sinni er komið að Vestfjörðum og verður fundurinn haldinn á Ísafirði. Fundinum verður streymt fyrir þá sem komast ekki á staðinn.

Að undirbúningi fundarins koma Umhverfisstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök náttúrustofa.

Dagskrá og nánari staðsetning verður tilkynnt síðar. Opnað verður fyrir skráningar á fundinn á vef Umhverfisstofnunar á næstu vikum.

Nánari upplýsingar um fundi síðustu ára er að finna á eftirfarandi slóð:

<https://ust.is/nattura/upplýsingar-fyrir-sveitarfelog/arsfundir-natturuverndarnefnda/>

Bestu kveðjur,



**Hugrún Geirsdóttir**

verkefnastjóri

Netfang: [hugrun.geirsdottir@samband.is](mailto:hugrun.geirsdottir@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

# Ársfundur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, náttúrustofa og Umhverfisstofnunar 2023

Edinborgarsal á Ísafirði 12. október 2023 og á Teams.

Skráning og kaffi hefst kl.: 10:00.

Útsending á Teams milli kl.: 10:30-12:00 og 12:45-15:00.

## Hver eru áhrif aukinnar umferðar skemmtiferðaskipa?

Fundarstjóri: Kristín Ósk Jónasdóttir

10:30-10:40 Setning fundar

10:40-10:50 Inngangur; Ísafjarðarbær

10:50-11:00 Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðsstjóri sviðs náttúruverndar  
hjá Umhverfisstofnun

11:00-12:00 Náttúra

- Loftmengun frá skemmtiferðaskipum, hvað vitum við og hvaða upplýsingar vantar okkur?  
*Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun*
- Álag í Þingvallapjóðgarði vegna fólksfjölda (óstaðfest)  
*Einar Á.E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum*
- Vöktun ferðamanna
- Umræður

12:00-12:45 Hádegishlé - boðið upp á fiskisúpu á Tjörúhúsinu fyrir staðfundargesti.

12:45 - 13:30 Samfélag

- Hafnarstjórnir
- Ferðaþjónusta  
*Jón Auðun Auðunarson, framkvæmdastjóri Vesturferða*
- Upplifun samfélagsins
- Umræður

13:30 - 13:45 Kaffihlé

## 13:45-15:00 Verkefni

- Svæðisgarður á Snæfellsnesi:  
*Víðtækt samstarf sveitarfélags, þjóðgarðs og ferðaþjónustunnar*
- Landtaka utan hafna, verkefni og samstarf  
*Edda Kristín Eiríksdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun*
- EPI Umhverfiseinkunnakerfi Faxaflóahafna  
*Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri Faxaflóahafna*
- Áskoranir og lausnir vegna skemmtiferðaskipa í fjörðum vesturstrandar Noregs  
*Katrin Blomvik, framkvæmdastjóri Geirangerfjord World Heritage Site*
- Umræður

15:00-16:30 Gönguferð með leiðsögn um Ísafjarðarkaupstað í boði Ísafjarðarbæjar

Þátttökugjald er kr. 4.500 fyrir staðfundargesti, hádegismatur og kaffiveitingar innifaldar.

Fjarfundargestir munu geta sent inn spurningar í gegnum vefmiðilinn Slido.

Vakin er athygli á því að hægt verður að fljúga til og frá Ísafirði samdægurs frá Reykjavík þann 12. október:

Brottför frá Reykjavík er 9:00 og landing 9:45.  
Brottför frá Ísafirði er 17:40 og landing 18:25.

[Skráningahlekkur](#)